

**Ed.**

**474. Frumvarp til laga**

[67. mál]

um bókhald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. marz.)

Samhljóða þskj. 106 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Niðurstöður hinna einstöku reikninga skulu þá færast í aðalbók.

Við gerð ársreikninga skal nákvæm og fullkomin lokun fara fram á bókhaldsbókunum.

Samræmi skal vera milli fjárhæðanna í ársreikningunum og í aðalbókinni. Ákvæði þessarar greinar taka til bókhaldsgagna samkvæmt 6. gr., eftir því sem við á.

12. gr. hljóðar svo:

Þau útgjöld, sem færð eru í bækurnar, skulu vera samkvæmt áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum. Það sama gildir um tekjur eftir því, sem við verður komið. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

23.—26. (síðasta) gr. hljóða svo:

a. (23. gr.)

Ráðherra mælir fyrir um nánari framkvæmd þessara laga með reglugerð, þar á meðal um staðlað bókhaldsskipulag fyrir ákveðnar atvinnugreinar að höfðu samráði við þær, löggildingu bóka, eftirlit og sektir fyrir brot á reglugerðinni.

b. (24. gr.)

Ákvæði þessara laga gilda, svo framarlega sem annað leiði ekki af sérstökum lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

c. (25. gr.)

Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum.

d. (26. gr.)

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 62 frá 1938.